LEX
LÖGMANNSSTOFA

Lagastoð
Magnús Baldursson lögmaður

Sent rafrænt:
magnus@lagastod.is

Reykjavík, 30. október 2026

Efni: Drög að samningi um eldisgjald.

Arnarlax ehf. hefur falið mér að svara bréfi rituðu fyrir hönd Hafnarsjóðs Vesturbyggðar, dags. 19. október 2026.

Mál þetta á sér langan aðdraganda og fagnar Arnarlax því að nú séu komin drög að samningi um eldisgjald í höfnum Vesturbyggðar á borðið. Hins vegar eru að mati umbjóðanda míns tvö meginatriði sem ná þarf samkomulagi um áður en lengra er haldið og tímabært verður að ræða önnur atriði samningsdraganna.

Í fyrsta lagi er um að ræða fjárhæð gjalda vegna eldisfisks. Arnarlax telur einsýnt að sú fjárhæð sem Hafnarsjóður leggur til eigi sér ekki stoð í lögum og uppfylli ekki þau skilyrði sem gerð eru til innheimtu þjónustugjalda af hálfu hins opinbera. Þjónustugjöld skulu eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldtökuheimildin tekur til. Ber Hafnarsjóði að sýna fram á lögmæti kröfu sinnar en Arnarlax telur Hafnarsjóð ekki hafa axlað þá skyldu. Arnarlax hefur á fyrri stigum gert ítarlega grein fyrir afstöðu sinni en hvað fjárhæðir varðar sem og nánar um afstöðu Arnarlax er einkum vísað til minnisblaðs ODT endurskoðunar frá 19. júní sl. Greining ODT endurskoðunar, byggð á fyrirliggjandi upplýsingum frá Vesturbyggð, er að lögmætt eldisgjald sé 0,34 kr. pr. kíló af eldislaxi. Arnarlax telur þar af leiðandi að því fari fjarri að Hafnarsjóður hafi sýnt fram á lögmæti eldisgjalds í líkingu við þá fjárhæð sem lögð er til nú.

Í ljósi framangreinds, með það að markmiði að ná sátt og niðurstöðu um eldisgjaldið, lýsir Arnarlax sig engu að síður tilbúið til að þrefalda þá fjárhæð sem ODT endurskoðun hefur komist að rökstuddri niðurstöðu um og greiða 1 kr. per. kíló af eldislaxi. Er sú fjárhæð sett fram í sáttaskyni en í því felst ekki viðurkenning á lögmæti eldisgjalds að þeirri fjárhæð.

Í öðru lagi þá þarf að semja um þær kröfur sem Arnarlax á, á hendur Hafnarsjóði, vegna oftekinna gjalda. Arnarlax hefur frá og með árinu 2020 greitt Hafnarsjóði 610.561.196 kr. Allar þær greiðslur voru inntar af hendi með fyrirvara um lögmæti krafna Hafnarsjóðs. Ljóst er að kröfur Arnarlax vegna oftekinna gjalda Hafnarsjóðs nema mjög verulegum fjárhæðum sem Arnarlax er ekki tilbúið til að gefa eftir að óbreyttu.

Þá er rétt að halda því til haga að innan Vesturbyggðar landar Arnarlax eingöngu eldisfiski til vinnslu í Bíldudalshöfn en nýtir ekki aðrar hafnir Vesturbyggðar í því skyni.

Arnarlax tekur undir að mikilvægt sé að ná samkomulagi um eldisgjald til að skapa festu, fyrirsjáanleika og gagnkvæman ávinning fyrir báða aðila. Í því skyni er æskilegt að haldinn sé sameiginlegur fundur á næstunni þar sem farið verði yfir ofangreind atriði með það að markmiði að ná samkomulagi um ofangreind atriði. Í kjölfar þess yrðu önnur samningsákvæði rædd en athugasemdir Arnarlax við þau eru ekki stórvægilegar.

f.h. Arnarlax ehf.

Kristín Edwald

Kristín Edwald lögmaður